

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Árshlutareikningur samstæðu 1. mars - 31. ágúst 2023

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðenda	5
Samandreginn rekstrarreikningur samstæðu	6
Samandregið yfirlit um heildarafkomu samstæðu	6
Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu	7
Samandregið eiginfjáryfirlit samstæðu	9
Samandregið sjóðstreymi samstæðu	10
Skýringar	11

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Kennitala 420369-7789

Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi samstæðunnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (Ölgerðin) er íslenskt hlutfélag og starfar í samræmi við lög um hlutfélög nr. 2/1995. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjavörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur félagsins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning Ölgerðarinnar Egill Skallagrímssonar hf. og dótturfélaganna Danól ehf., G7-11 fasteignafélags ehf. og Iceland Spring ehf. Samstæðan skiptist í fjóra starfspætti; Egils óáfengt, Egils áfengt, Danól og Útflutning. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

Fréttir úr starfseminni

Rekstur Ölgerðarinnar gekk vel á tímabilinu og var vörusala samstæðu Ölgerðarinnar 21% hærrí en á sama tímabili í fyrra. Fjórðungur af aukningunni er vegna þess að Iceland Spring er nú hluti af samstæðu Ölgerðarinnar en áframhaldandi aukning í sölu á bjór og kolsýrðum drykkjum skýrir stærstan hluta aukningarinnar.

Í apríl var gengið frá kaupum á meirihluta í vatnsútflutningsfyrirtækinu Iceland Spring ehf. Ölgerðin átti fyrir 40% hlut í Iceland Spring en á grundvelli samninga við aðra hluthafa og Iceland Spring bætti Ölgerðin við sig 3% hlut með kaupum á hlutfé af öðrum hluthöfum og 8% með áskrift að nýju hlutfé sem félagið gaf út í tengslum við viðskiptin. Greiðsla Ölgerðarinnar vegna viðskiptanna nam samtals 512 milljónum króna, eða sem nemur um 3,7 milljónum USD. Iceland Spring varð með viðskiptunum hluti af samstæðu Ölgerðarinnar, en félagið hefur fram til þessa verið hlutdeildarfélag. Nánar er gerð grein fyrir áhrifum Iceland Spring á árshlutareikning Ölgerðarinnar í skýringu 3.

Ölgerðin leggur áfram mikla áherslu á öfluga vörupróun og nýju vörumerki Ölgerðarinnar, Mist, var hleypt af stokkunum í maí. Viðtökurnar lofa góðu þótt enn sé skammt liðið síðan vörur undir þessu nýja vörumerki fóru í sölu.

Á tímabilinu undirritaði forstjóri Ölgerðarinnar og fulltrúi samtakanna 78 viljayfirlýsingu um að í lok árs fái Ölgerðin hinsegin vottun sem hinseginvænn vinnustaður, fyrst fyrirtækja á Íslandi. Í vottun um hinseginvænan vinnustað felst að starfsfólk fái hinsegin fræðslu, að kannanir í tengslum við hinseginleika verði framkvæmdar og að Samtökin geri úttekt á fyrirtækinu með hinseginleika í huga. Þá fari fram formleg vottun fyrir árslok ef allt gengur eftir.

Í lok apríl fékk Ölgerðin afhenta tvo nýja rafmagnsvörubíla til notkunar við dreifingu á vörum Ölgerðarinnar. Þetta var stórt skref í sjálfbærnivægferð Ölgerðarinnar og hafa þessir bílar nú þegar sannað gildi sitt við dreifingu á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Rekstrartekjur samstæðunnar námu 23,8 ma. kr. og hækkuðu um 21% frá fyrra ári og var góður vöxtur á öllum starfspáttum. Áhrif af kaupum á meirihluta í Iceland Spring skýra hluta af vexti milli ára en án þeirra áhrifa er tekjuvöxtur 15% milli ára. Vöxturinn er drifinn áfram af vörunýjungum og aukinni hlutdeild á drykkjarvörumörkuðum.

Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 2.153 mkr. og hækkaði um 745 mkr. frá fyrra ári. Mest munar um hækkan hlutdeildatekna um 386 mkr. sem kemur til vegna hækkanar á eldri hlut Ölgerðarinnar í Iceland Spring ehf til gangvirðis. Rekstrarhagnaður (EBITDA) hækkaði um 583 mkr. milli ára sem má rekja til aukinna umsvifa ásamt því að rekstur Iceland Spring er í fyrsta sinn hluti af samstæðu Ölgerðarinnar.

Fjármagnsgjöld hækkuðu nokkuð milli ára vegna hækkanar stýrivaxta Seðlabanka Íslands. Meðalvaxtakjör Ölgerðarinnar án Iceland Spring voru 11,2% þann 31. ágúst en áhrif síðustu vaxtahækkanar Seðlabankans þann 24. ágúst 2023 voru ekki að fullu komin fram í vaxtakjörum Ölgerðarinnar.

Eigið fé Ölgerðarinnar var 13,8 ma. kr. í lok tímabilsins og eiginfjárlutfallið 45%. Vaxtaberandi skuldir voru 8,0 ma. kr. og lækkaði um 289 mkr. á tímabilinu. Handbært fé hækkaði um 133 mkr milli tímabila og var 1,3 ma. kr. í lok tímabilsins. Efnahagsstöður Iceland Spring komu inn í árshlutareikning samstæðu Ölgerðarinnar eins og þær voru þann 30.6.2023 eða í lok annars ársfjórðungs Iceland Spring. Í apríl voru um 320 mkr af andvirði hlutafjárukningarinnar nýtt til lækkunar á óhagstæðum lánum hjá Iceland Spring.

Á tímabilinu voru meðal stöðugildi samstæðunnar 409 samanborið við 389 á sama tímabili árið áður. Hlutfall kvenna í samstæðunni var 30% en í stöðum yfirmanna og stjórnenda var hlutfall kvenna 34%. Í stjórn Ölgerðarinnar eru 40% konur og 60% karlar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Ölgerðarinnar gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. mars 2023 – 31. ágúst 2023 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2023. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Reykjavík, 12. október 2023.

Stjórn:

Októ Einarsson, stjórnarformaður

Hermann Már Þórisson

Rannveig Eir Einarsdóttir

Gerður Huld Arinbjarnardóttir

Magnús Árnason

Forstjóri:

Andri Þór Guðmundsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árslutareikning samstæðu Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson ehf. fyrir tímabilið 1. mars - 31. ágúst 2023. Samandregni árslutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árslutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árslutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 12. október 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson

Samandreginn rekstrarreikningur tímabilsins 1. mars - 31. ágúst 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýring	1. júní - 31. ágúst		1. mars - 31. ágúst	
	2023	2022	2023	2022
Rekstrartekjur				
Vörusala	12.796.366	10.589.763	23.835.616	19.672.306
Áfengis- og skilagjald	(3.413.257)	(2.933.722)	(6.222.493)	(5.351.762)
Vörusala nettó	4 9.383.109	7.656.041	17.613.123	14.320.544
Aðrar rekstrartekjur	11.422	12.563	23.398	16.221
Rekstrartekjur samtals	9.394.531	7.668.604	17.636.521	14.336.765
Rekstrargjöld	6			
Framleiðslukostnaður	5.391.052	4.361.525	10.349.074	8.339.438
Annar rekstrarkostnaður	2.070.369	1.762.849	4.197.546	3.490.567
	7.461.421	6.124.374	14.546.619	11.830.006
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	1.933.110	1.544.229	3.089.901	2.506.759
Afskriftir	7 (254.153)	(215.595)	(501.306)	(425.574)
Rekstrarhagnaður	1.678.957	1.328.634	2.588.596	2.081.185
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur	8.667	12.914	22.027	25.683
Fjármagnsgjöld	(283.953)	(180.323)	(499.687)	(327.650)
Gengismunur	69.150	(63.701)	91.474	(22.122)
	(206.136)	(231.110)	(386.186)	(324.089)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	11.877	9.209	391.293	2.520
Hagnaður fyrir skatta	1.484.699	1.106.733	2.593.703	1.759.616
Tekjuskattur	(294.564)	(219.509)	(440.482)	(351.419)
Hagnaður tímabilsins	1.190.135	887.224	2.153.221	1.408.197
Skipting hagnaðar:				
Eigendur móðurfélagsins	1.162.745	887.224	2.116.823	1.408.197
Hlutdeild minnihluta	27.390	0	36.398	0
	1.190.135	887.224	2.153.221	1.408.197
Hagnaður á hlut				
Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut	0,41	0,32	0,75	0,50
Þynntur hagnaður á útistandandi hlut	0,40	0,31	0,72	0,49

Yfirlit um heildarafkomu tímabilisins 1. mars - 31. ágúst 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	1. júní - 31. ágúst		1. mars - 31. ágúst	
	2023	2022	2023	2022
Hagnaður tímabilsins	1.190.135	887.224	2.153.221	1.408.197
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga	31.898	(286)	1.258	0
Heildarafkoma tímabilsins	1.222.032	886.937	2.154.478	1.408.196

Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 31. ágúst 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignir

Skýringar 31. ágúst 2023 28. febrúar 2023

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir	7	13.980.678	10.004.905
Óefnislegar eignir	8	7.358.548	7.358.548
Húsaleiguréttindi		141.619	150.813
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi		418.557	1.122.942
Kröfur á hlutdeildarfélag		0	45.757
Skuldabréfaeign		319.743	345.692
		<u>22.219.144</u>	<u>19.028.657</u>

Veltufjármunir

Birgðir		3.603.440	2.717.645
Viðskiptakröfur		3.336.753	2.742.932
Aðrar skammtímakröfur		6.817	15.298
Handbært fé		1.305.015	1.171.857
		<u>8.252.025</u>	<u>6.647.730</u>

Eignir samtals

		<u>30.471.169</u>	<u>25.676.387</u>
--	--	-------------------	-------------------

Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 31. ágúst 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir

Skýringar 31. ágúst 2023 28. febrúar 2023

Eigið fé

Hlutfé		2.806.647	2.806.647
Yfirverðsreikningur hlutfjár		1.102.553	1.102.553
Sérstakt endurmat		0	688.464
Annað bundið eigið fé		3.443.269	2.168.543
Óráðstafað eigið fé		4.876.651	3.315.180
Eigið fé sem tilheyrir eigendum móðurfélags		12.229.120	10.081.387
Hlutdeild minnihlutaeigenda í eigin fé dótturfélaga		1.576.436	0
Eigið fé samtals		13.805.556	10.081.387

Skuldir

Langtímaskuldir og skuldbindingar:

Skuldir við lánastofnanir	9	7.057.390	7.917.593
Húsaleiguskuldbinding		129.390	138.670
Tekjuskattsskuldbinding		2.591.799	2.068.392
		9.778.578	10.124.655

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir	9	416.109	0
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum og húsaleiguskuldb.	9	595.413	439.331
Reiknaðir skattar tímabilsins		286.313	432.160
Viðskiptaskuldir		2.584.949	2.492.111
Aðrar skammtímaskuldir		3.004.251	2.106.742
		6.887.035	5.470.345

Skuldir samtals

16.665.613 15.595.000

Eigið fé og skuldir samtals

30.471.169 25.676.387

Samandregið eiginfjárfirlit samstæðu 1. mars - 31. ágúst 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Hreyfingar 1. mars - 31. ágúst 2023:	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Annað bundið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Staða 1.3.2023	2.806.647	1.102.553	688.464	2.168.543	3.315.180	10.081.387	0	10.081.387
Hagnaður tímabilsins	0	0	0	0	2.116.823	2.116.823	36.398	2.153.221
Þýðingarmunur	0	0	0	6.223	0	6.223	(4.965)	1.258
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	6.223	2.116.823	2.123.045	31.433	2.154.478
Endurmat endurflokkað	0	0	(688.464)	688.464	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta við kaup á df. ...	0	0	0	0	0	0	1.545.004	1.545.004
Kaupréttarsamningar	0	0	0	24.687	0	24.687	0	24.687
Hlutdeildartekjur	0	0	0	555.352	(555.352)	0	0	0
Staða 31.08.2023	2.806.647	1.102.553	0	3.443.269	4.876.651	12.229.120	1.576.436	13.805.556

Hreyfingar 1. mars - 31. ágúst 2022:	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Annað bundið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Staða 1.3.2022	2.806.965	1.105.058	321.888	1.389.817	2.026.238	7.649.966	0	7.649.966
Hagnaður tímabilsins	0	0	0	0	1.408.197	1.408.197	0	1.408.197
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	0	1.408.197	1.408.197	0	1.408.197
Keypt eigin bréf	(317)	(2.505)	0	0	0	(2.822)	0	(2.822)
Kaupréttarsamningar	0	0	0	7.263	0	7.263	0	7.263
Hlutdeildartekjur	0	0	0	403.257	(403.257)	0	0	0
Staða 31.08.2022	2.806.647	1.102.553	321.888	1.800.337	3.031.179	9.062.605	0	9.062.605

Aðrir liðir

Undir öðrum liðum eign fé flokkast óinnleystar hlutdeildartekjur dóttur- og hlutdeildarféлага, áfallinn kostnaður vegna kaupréttar og þýðingarmunur.

Samandregið sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. mars - 31. ágúst 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýringar	2023 1.3.-31.8.	2022 1.3.-31.8.
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri			
Hagnaður tímabilsins		2.153.221	1.408.197
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Kaupréttarsamningar		24.687	7.263
Áhrif hlutdeildarféлага		(392.331)	(2.520)
Hagnaður af sölu á varanl. rekstrarfjármunum		(13.991)	(1.532)
Afskriftir		501.306	425.574
Breyting tekjuskattsskuldbindingar		136.605	121.910
Hreint veltufé frá rekstri		2.409.497	1.958.892
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(393.168)	(617.165)
Birgðir		(441.228)	(613.308)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		641.947	772.935
		(192.449)	(457.538)
Handbært fé frá rekstri		2.217.049	1.501.354
Fjárfestingahreyfingar			
Varanlegir rekstrarfjármunir, breyting	7	(608.882)	(532.755)
Keyptar óefnislegar eignir	8	0	(125.000)
Skuldabréf, breyting		25.949	58.538
Tengd félög, breyting		4.300	2.536
Hreint sjóðstreymi við kaup á dótturfélagi	3	(72.210)	0
		(650.843)	(596.681)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		(53.700)	162.168
Ný langtímalán	9	159.394	22.826
Afborganir langtímalána	9	(1.527.235)	(192.953)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(11.507)	(11.049)
Viðskipti með eigin bréf		0	(2.822)
		(1.433.048)	(21.830)
Hækkun á handbæru fé		133.158	882.844
Handbært fé í byrjun tímabilsins		1.171.857	658.974
Handbært fé í lok tímabilsins		1.305.015	1.541.819

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir Ölgerðin eða félagið) er hlutafélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara. Samstæðuárshlutareikningurinn fyrir tímabilið 1. mars - 31. ágúst 2023 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“.

Ölgerðin er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samstæðunnar er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, Ísland.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar fyrir tímabilið 1. mars - 31. ágúst 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Samandregni árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði 28. febrúar 2023. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við síðasta ársreikning samstæðunnar sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins, www.olgerdin.is/fjarfestar.

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum (ISK) og þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningsskilastaða, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

3. Kaup á meirihluta í Iceland Spring

Þann 11. apríl 2023 jók Ölgerðin við hlut sinn í Iceland Spring ehf. (Iceland Spring) úr 40% í 51%. Það var bæði gert með beinum kaupum á hlutafé og kaupum á nýttgefnu hlutafé frá félaginu, samtals fyrir 3,7 milljónir USD eða 512 m.kr. Kaupverðið hefur verið greitt að fullu með handbæru fé. Eftir viðskiptin fer Ölgerðin með meirihluta atkvæðaréttar og þar með yfirráð yfir Iceland

Samkvæmt leiðbeiningum *IFRS 3 Sameining félaga* er kaupaðferð beitt við sameininguna, og munu stjórnendur Ölgerðarinnar bera kennsl á aðgreinanlegar eignir og skuldir Iceland Spring ásamt hlutdeild minnihluta. Eignir og skuldir eru metnar á gangvirði 1. janúar 2023, en kaupverðsútteilingu var ekki lokið við samþykkt þessa árshlutareiknings. Ölgerðin nýtir sér ákvæði í IFRS 3 um bráðabirgða kaupverðsútteilingu sem heimilar að útteiling sé aðlöguð allt að 12 mánuðum eftir yfirtökudag, en þó aðeins miðað við upplýsingar um aðstæður sem voru til staðar á yfirtökudegi. Samkvæmt bráðabirgða kaupverðsútteilingu er yfirverði í viðskiptunum alls 1.370 m.kr. úthlutað á vatnslind Iceland Spring. Tekjuskattsáhrif af yfirverðinu að fjárhæð 228 m.kr. eru færð til hækunar tekjuskattsskuldbindingu.

Hér að neðan kemur fram bókfært verð eigna og skulda Iceland Spring ásamt gangvirði þeirra þann 1. janúar 2023 samkvæmt bráðabirgða kaupverðsútteilingu. Meðtalið í handbæru fé er nýtt hlutafé sem Ölgerðin greiddi inn í félagið þann 11. apríl síðastliðinn að fjárhæð 411 m.kr. (USD 3m). Gerðar hafa verið minniháttar aðlaganir á upphæðum til grundvallar kaupverðsútteilingu er varða eignir og skuldir á kaupdegi frá því sem var birt í árshlutareikning fyrir fyrsta ársfjórðung.

	Bókfært verð	Gangvirðis- breyting	Gangvirði
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.494.890	1.339.548	3.834.438
Óefnislegar eignir	85.808	(85.808)	0
Tekjuskattsinn eign	17.839	0	17.839
Vörubirgðir	466.908	0	466.908
Viðskiptakröfur	149.620	0	149.620
Aðrar skammtímakröfur	41.800	0	41.800
Handbært fé	439.936	0	439.936
Eignir samtals	3.696.801	1.253.739	4.950.541
Vaxtaberandi skuldir	1.016.811	0	1.016.811
Tekjuskattsskuldbinding	175.788	223.258	399.046
Viðskiptaskuldir	338.153	0	338.153
Aðrar skammtímaskuldir	42.667	0	42.667
Skuldir samtals	1.573.419	223.258	1.796.677
Hreinar eignir	2.123.383	1.030.481	3.153.864

Útleiðsla á yfirverði

Kaupverð	512.146
Gangvirði eldri eignarhlutar*	1.096.717
Hlutdeild minnihluta (49%) metin á gangvirði	1.545.000
Samtals	3.153.864
Gangvirði hreinna eigna samkvæmt bráðabirgða kaupverðsútdellingu	3.153.864

*Eldri eignarhlutur Ölgerðarinnar í Iceland Spring (40%) er færður upp í gangvirði á yfirtökudegi sem var metið 1.096 m.kr., og voru 368 m.kr. færðar í rekstrarreikning í línuna *Áhrif hlutdeildarféлага* vegna gangvirðismatsins.

Sjóðstreymi við kaupin

Greiðsla í handbæru fé	(512.146)
Handbært fé Iceland Spring við yfirtöku	439.936
Hreint sjóðstreymi	(72.210)

Reikningsskilatímabil Iceland Spring er almanaksárið, og er rekstur félagsins á fyrri helming ársins meðtekinn í þessum samstæðuárshlutareikningi. Áhrif Iceland Spring á rekstrarreikning samstæðunnar á tímabilinu voru tekjur að fjárhæð 1.161 m.kr. og hagnaður að fjárhæð 74,3 m.kr.

4. Starfsþáttayfirlit

Samstæðunni er skipt í fjóra starfsþætti, Egils áfengt, Egils óáfengt, Danól og Útflutningur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

1. mars - 31. ágúst 2023	Egils áfengt ¹⁾	Egils óáfengt ²⁾	Danól ³⁾	Útflutningur ⁴⁾	Samtals
Rekstrartekjur og aðrar rekstrartekjur	10.872.999	6.373.824	5.422.779	1.189.412	23.859.014
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	1.194.125	1.332.458	399.938	163.380	3.089.901
Rekstrarhagnaður	939.223	1.134.963	374.849	139.560	2.588.596
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага					5.107
Tekjuskattur					(440.482)
Hagnaður tímabilsins					2.153.221

1. mars - 31. ágúst 2022	Egils áfengt ¹⁾	Egils óáfengt ²⁾	Danól ³⁾	Samtals
Rekstrartekjur og aðrar rekstrartekjur	9.483.543	5.454.697	4.750.286	19.688.527
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	981.395	1.207.628	317.736	2.506.759
Rekstrarhagnaður	777.091	1.008.346	295.747	2.081.185
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага				(321.569)
Tekjuskattur				(351.419)
Hagnaður tímabilsins				1.408.197

¹⁾ Tekjur hjá Egils áfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með áfenga drykki.

²⁾ Tekjur hjá Egils óáfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með óáfenga drykki.

³⁾ Tekjur hjá Danól eru fólgnar í sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara, tengdra vara og annarrar sérvöru.

⁴⁾ Nýr starfsþáttur, Útflutningur. Tekjur af öllum útflutningi samstæðu Ölgerðarinnar sem er að stærstum hluta Iceland Spring.

5. Seldar vörur

Megin starfsemi samstæðunnar er fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara.

Skýringar (framhald)

6. Rekstrargjöld

	2023	2022*
	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Rekstrargjöld greinast þannig:		
Vörunotkun	9.373.740	7.297.637
Laun og launatengd gjöld og annar framleiðslukostnaður	975.334	1.041.801
Framleiðslukostnaður	10.349.074	8.339.438
Laun og launatengd gjöld	1.847.234	1.554.238
Markaðs- og sölukostnaður	1.332.718	1.050.324
Annar kostnaður	1.017.594	886.006
Annar rekstrarkostnaður	4.197.546	3.490.567
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	1.905.584	1.644.926
Lífeyrissjóðsgjöld	258.542	236.726
Önnur launatengd gjöld	163.765	152.168
Kostnaður vegna kaupréttasamninga	24.687	7.263
	2.352.577	2.041.084

*Framsetning á samanburðartölum í skýringunni hefur verið uppfærð frá árshlutareikningi fyrir 1. mars - 31. ágúst 2022 til samræmis við ársreikning fyrir fjárhagsárið 2022/23.

Skýringar (framhald)

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir	Vatnslind	Bifreiðar	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Bókfært verð 1. mars 2022	5.614.856	0	339.162	3.569.107	9.523.128
Viðbót tímabilsins	286.826	0	225.994	829.906	1.342.726
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(32.372)	0	(32.372)
Afskriftir	(200.903)	0	(94.222)	(533.453)	(828.578)
Bókfært verð 28. febrúar 2023	5.700.780	0	438.563	3.865.560	10.004.905

Bókfært verð 28. febrúar 2023 greinist þannig:

Kostnaðarverð	7.478.168	0	890.140	8.024.170	16.392.478
Uppsafnaðar afskriftir	(1.777.388)	0	(451.577)	(4.158.610)	(6.387.574)
Bókfært verð 28. febrúar 2023	5.700.780	0	438.563	3.865.560	10.004.905

Bókfært verð 1. mars 2023	5.700.780	0	438.563	3.865.560	10.004.904
Kaup á Iceland Spring (skýring 3)	0	3.397.848	0	436.591	3.834.439
Viðbót tímabilsins	32.555	0	209.109	432.103	673.768
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(50.895)	0	(50.895)
Afskriftir	(113.040)	0	(62.051)	(313.651)	(488.742)
Þýðingarmunur	0	5.930	0	1.275	7.205
Bókfært verð 31. ágúst 2023	5.620.296	3.403.778	534.726	4.421.878	13.980.678

Bókfært verð 31. ágúst 2023 greinist þannig:

Kostnaðarverð	7.510.723	3.403.778	1.099.249	8.894.139	20.907.889
Uppsafnaðar afskriftir	(1.890.428)	0	(564.522)	(4.472.261)	(6.927.211)
Bókfært verð 31. ágúst 2023	5.620.296	3.403.778	534.726	4.421.878	13.980.678

Áætlaður nýtingartími eigna

Fasteignir	30 ár
Vatnslind	ótakmarkaður
Bifreiðar	3-9 ár
Vélar, áhöld og tæki	3-15 ár

Vatnslind í eigu Iceland Spring er ekki afskrifuð þar sem hún er talin hafa ótakmarkaðan líftíma. Virði lindarinnar samanstendur af efnislegri eign, sem er lindin sjálf, og óefnislegri eign sem er rétturinn til að markaðssetja vatnið sem lindarvatn. Ekki er unnt að aðskilja þessa efnislegu og óefnislegu eignir í virði lindarinnar, og er virði hennar í heild sinni því framsett á meðal varanlegra rekstrarfjármuna. Lindin kemur til með að sæta virðisrýmunarprófi a.m.k. árlega.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna.

	2023	2022
Afskriftir greinast þannig:	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	488.742	414.312
Afskriftir leiguréttinda	12.564	11.262
	<u>501.306</u>	<u>425.574</u>

8. Óefnislegar eignir

	31.8.2023	28.2.2022
Bókfært verð í lok tímabilsins greinist þannig:		
Vörumerki	6.111.542	6.111.542
Viðskiptasambönd	1.247.006	1.247.006
Bókfært verð í lok tímabilsins	<u>7.358.548</u>	<u>7.358.548</u>

Skýringar (framhald)

9. Skuldir

Langtímaskuldir:	31.8.2023	28.2.2023
Langtímaskuldir við lánastofnanir íslenskum krónum (ISK)	7.281.961	8.333.983
Langtímaskuldir í bandaríkjadollar (USD)	346.757	0
Samtals langtímaskuldir	7.628.718	8.333.983
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(571.328)	(416.390)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins	7.057.390	7.917.593
Skammtímaskuldir við lánastofnanir í bandaríkjadollara (USD)	416.109	0

Meðalvextir skulda við lánastofnanir í íslenskum krónum þann 31. ágúst 2023 voru 11,2% (28. febrúar 2023: 8,7%). Á tímabilinu eignaðist Ölgerðin meirihluta í Iceland Spring (sjá skýringu 3). Á meðal skulda Iceland Spring eru lán frá minnihlutaeigendum sem bera fasta USD vexti.

Næsta árs afborganir langtímaskulda	(571.328)	(416.390)
Næsta árs afborgun leiguskuldbindingar	(24.085)	(22.942)
	(595.413)	(439.332)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.8.2023	28.2.2023
Afborganir innan 12 mánaða	571.328	416.390
Afborganir eftir 12-24 mánuði	565.022	415.837
Afborganir eftir 24-36 mánuði	402.875	404.096
Afborganir eftir 36-48 mánuði	3.445.271	394.767
Afborganir síðar	2.644.222	6.702.893
	7.628.718	8.333.983

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarhlutfall. Í lok tímabils stóðust allir lánaskilmálar lánasamninga.

10. Atburðir eftir lok reikningsskiladag

Yfirskattanefnd úrskurðaði í máli nr. 118/2022 þar sem Danól ehf. kærði úrskurð tollgæslustjóra vegna endurákvörðunar aðflutningsgjalda frá 24. maí 2022. Yfirskattanefnd samþykkti kröfur Danól ehf. að hluta og endurgreiddi þann 29. sept 2023 álag sem beitt var á endurálagninguna ásamt dráttarvöxtum, samtals 89 m.kr. Ekki hefur verið tekið tillit til endurgreiðslunnar í árshlutauppgjörinu.

Yfirskattanefnd úrskurðaði í máli nr. 30/2023 þann 27. september 2023, þar sem Ölgerðin kærði úrskurð tollgæslustjóra vegna aðflutningsgjalda frá 9. desember 2022. Kröfum Ölgerðarinnar var hafnað.